



strætó.is

Reykjavík 22.7.2021

BORGARRÁÐ 7. maí 2020: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hvaða leiðir í leiðakerfi Strætó bs. hafa verið lagðar niður vegna COVID-19 - R20050062

BORGARRÁÐ 7. maí 2020: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hvaða leiðir í leiðakerfi Strætó bs. hafa verið lagðar niður vegna COVID-19 - R20050062

Hvaða leiðir í leiðakerfi strætó hafa verið lagðar niður vegna COVID 19 og er fyrirhugað að taka þær leiðir upp að nýju?

Svar:

Þar sem eftirspurn eftir þjónustu almenningsgangna minnkaði mjög mikið í COVID og tekjur Strætó þar afleiðandi dregist mikið saman var gripið til aðgerða til að lækka kostnað. Sjá skjáskot af fréttatilkynningu frá 30. mars 2020, en þar kemur fram hvaða leiðir voru lagðar niður.

„Í ljósi aðstæðna í samfélaginu vegna kórónuveirunnar og fækkun viðskiptavina mun Strætó draga úr þjónustu og minnka akstur tímabundið.

Frá og með þriðjudeginum 31. mars munu eftirfarandi breytingar taka gildi hjá Strætó á höfuðborgarsvæðinu:

- Á virkum dögum munu strætisvagnar höfuðborgarsvæðisins aka samkvæmt laugardagsáætlun*. Aukaferðum verður bætt við á morgnana til að akstur hefjist á svipuðum tíma og á venjulegum virkum degi. Akstur á laugardögum og sunnudögum verður að öðru leyti óbreyttur.
 - **Undantekning: Leið 31 mun aka á hálf tíma fresti fyrir og eftir hádegi á virkum dögum. Pöntunarþjónustuleiðirnar 27 og 29 aka samkvæmt hefðbundinni áætlun. Leiðir 8, 16, 22, 33 og 34 hætta öllum akstri.*
 - *Á virkum dögum mun leið 15 aka fjórar skipulagðar ferðir frá Reykjalundi í átt að Flyðrugranda. Farþegar sem ferðast með leið 15 í átt að Mosfellsbæ og vilja*

*stoppa hjá Reykjalundi geta látið vagnstjórann vita
og hann/hún mun taka krók að Reykjalundi.*



- Öllum næturakstri úr miðbænum um helgar er tímabundið hætt.“

Frá og með 18. maí 2020 tók síðan sumaráætlun gildi, en þá lauk skerðingu á þjónustu vegna COVID og allar leiðir sem lagðar voru niður voru endurvaktar nema næturleiðir sem ekki hafa verið endurvaktar.